

**Ljósmyndastofa Kópavogs og Ljósmyndastofan Mynd
gegn samkeppnisráði**

I.

Með bréfi, dags. 6. júní 1996, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála 7. júní 1996, hefur Jón Bjarnason f.h. Ljósmyndastofu Kópavogs og Ljósmyndastofunnar Myndar kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/1996](#), dags. 8. maí 1996. Með ákvörðuninni, sem byggist á álitum auglýsinganefndar Samkeppnisstofnunar, er áfrýjendum bannað að birta tiltekna upplýsingar í auglýsingum sínum um fermingarmyndatökur.

Af áfrýjunarskjali má ráða að áfrýjendur krefjist þess að áfrýjunarnefndin felli framangreinda ákvörðun samkeppnisráðs úr gildi.

Samkeppnisráð krefst þess að umrædd ákvörðun samkeppnisráðs verði staðfest.

II.

Samkeppnisstofnun bærust í vor kvartanir yfir dreifibréfi áfrýjenda sem dreift var um landið í tilefni ferminga. Í dreifibréfinu sagði m.a. „Þú færð hvergi meira fyrir peningana þína! Samkvæmt niðurstöðu verðkönnunar sem Samkeppnisstofnun gerði. Þegar tekið hafði verið tillit til þess fjölda mynda og stærðar þeirrar sem þú færð hjá okkur samanborið við aðrar ljósmyndastofur, var verðið allt upp í það að verða fjórum sinnum hærra heldur en hjá okkur. Við erum með langlægsta verðið á landinu!“ Munu kvartendur hafa óskað eftir upplýsingum um það hvenær fyrrgreind verðkönnun hefði farið fram og hverjar niðurstöður hennar hefðu verið fyrir landsbyggðina.

Samkeppnisstofnun sendi áfrýjendum erindi, dags. 24. apríl 1996, og óskaði eftir frekari skýringum áfrýjenda á dreifibréfinu í ljósi þess að stofnunin hefði ekki kannað verð hjá ljósmyndastofum síðan í febrúar 1995, en af dreifibréfinu mætti skilja að stofnunin hefði nýlega gert verðkönnun hjá öllum ljósmyndastofum á landinu og að þar hefði komið fram að áfrýjendur væru

með lágsta verð á öllu landinu. Svar barst frá Ljósmyndastofu Kópavogs með bréfi, dags. 24. apríl 1996. Þar sem Samkeppnisstofnun taldi bréfið ekki fela í sér fullnægjandi skýringar afgreiddi stofnunin málið með bréfi, dags. 29. apríl 1996. Taldi stofnunin að umrætt dreifibréf samræmdist ekki 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og óskaði því eftir að dreifibréfið yrði ekki birt framar. Svar barst samdægurs frá Ljósmyndastofu Kópavogs þar sem skoðunum Samkeppnisstofnunar er mótmælt sem og valdi hennar til að banna frekari auglýsingar.

Í áliti auglýsinganefndar sem er samkeppnisráði til ráðgjafar kemur fram að ekki sé hægt að draga ályktanir á borð við þær sem fram koma í dreifibréfi áfrýjenda af verðkönnun stofnunarinnar frá því í febrúar 1995, né þeirri frétt sem birtist af henni í Morgunblaðinu þann 2. mars 1995. Taldi auglýsinganefnd dreifibréfið gefa villandi upplýsingar, vera óhæfilegt gagnvart hagsmunum neytenda og ósanngjarnt gagnvart keppinautum. Þá væru ekki færðar sönnur á þá fullyrðingu sem fram kemur í dreifibréfinu að áfrýjendur væru með langlágsta verðið á landinu, en notkun lýsingarorða í efsta stigi væri óheimil nema að auglýsandi gæti á auðveldan hátt sannað fullyrðingu sína. Lagði auglýsinganefnd til að samkeppnisráð bannaði umrætt dreifibréf þar sem upplýsingar í því brytu í bága við 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Á fundi samkeppnisráðs 8. maí 1996 var málið tekið fyrir og eru ákvörðunarorð ráðsins eftirfarandi:

„Með vísan til 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisráð Ljósmyndastofu Kópavogs, Hamraborg 11, Kópavogi, og Ljósmyndastofunni Mynd, Trönuhrauni 8, Hafnarfirði, að birta eftirfarandi upplýsingar í auglýsingum þeirra á fermingarmyndatökum:

1. að hvergi fáist jafn mikið fyrir peningana samkvæmt niðurstöðu verðkönnunar sem fram hafi farið á vegum Samkeppnisstofnunar,
2. að úr könnun Samkeppnisstofnunar sé hægt að lesa að þær séu með lágsta verðið þegar tekið hafi verið tillit til fjölda og stærðar mynda,
3. að þær séu með langlágsta verðið á landinu.

Bannið tekur gildi um leið og það hefur verið tilkynnt fyrirtækjunum. Verði banninu ekki fylgt mun Samkeppnisráð beita viðurlögum samkeppnislaga.“

III.

Af hálfu áfrýjenda er því m.a. haldið fram að sú fullyrðing þeirra að þeir séu með langlægsta verðið á landinu sé rétt. Úr könnun Samkeppnisstofnunar frá því í febrúar 1995 megi lesa að áfrýjendur séu með lægsta verðið miðað við fjölda þeirra mynda og stærð sem innifalin er í myndatökuverðinu. Könnun sem framkvæmd hafi verið nýlega af fyrirtækinu Skilaborg sf., þar sem reiknuð er út verðlagning ljósmynda út frá flatarmáli þeirra sýni að fullyrðingarnar séu réttar. Reyndar komi einn aðili þar út með lægra verð, en fyrir því séu ákveðnar ástæður. Bann samkeppnisráðs fái því ekki staðist þar sem ekki hafa tekist að benda á eitt einasta dæmi um það að til sé á landinu ljósmyndastofa sem láti meira af mörkum fyrir jafnlítið fé og áfrýjendur.

Samkeppnisráð hefur ítrekað fyrri kröfur og málsástæður. Vísar stofnunin sérstaklega til þess að málið snúi að engu leyti að gæðum þeirrar þjónustu sem áfrýjendur bjóða eða samanburði á þjónustu þeirra. Málið snúist eingöngu um það hvort unnt sé að byggja þær fullyrðingar, sem áfrýjendur birtu í dreifibréfi sínu, á þeirri verðkönnun Samkeppnisstofnunar sem vísað sé til. Það sé ljóst að í könnuninni komi hvergi fram að mest fáiast fyrir peningana hjá ljósmyndastofum áfrýjenda, hvað þá heldur að slík niðurstaða hafi fengist miðað við stærð og fjölda mynda. Þá bendir samkeppnisráð á að fullyrðingin um að áfrýjendur séu með langlægsta verðið á landinu sé ósönnuð.

IV.

Niðurstöður.

Bann samkeppnisráðs á hendur Ljósmyndastofu Kópavogs og Ljósmyndastofunni Mynd tekur til tiltekinnar upplýsinga í auglýsingum ljósmyndastofanna á fermingarmyndatökum sem birtust í dreifibréfum. Telur samkeppnisráð að þær upplýsingar fái ekki samrýmst ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Upplýsingarnar eru flokkaðar í þrjá flokka og hefur verið gerð grein fyrir þeim hér að framan.

Upplýsingar áfrýjenda í auglýsingum um að „hvergi fáiast jafnmikið fyrir peningana samkvæmt niðurstöðu verðkönnunar sem fram hafi farið á vegum Samkeppnisstofnunar“ fá ekki staðist. Könnun Samkeppnisstofnunar tók aðeins til 14 ljósmyndastofa á höfuðborgarsvæðinu. Þessarar takmörkunar var ekki getið í auglýsingunum. Þar að auki hefur könnunin sjálf og inngangsorð hennar

að geyma fyrirvara sem útiloka að draga þá ályktun sem áfrýjendur gerðu. Ekki er heldur fullnægjandi að vísa til verðkönnunar annarra aðila varðandi verðlagningu ljósmynda út frá flatarmáli þeirra þar sem í auglýsingu ljósmyndastofanna er berum orðum skírskotað til verðkönnunar Samkeppnisstofnunar.

Sú fullyrðing áfrýjenda að „úr könnun Samkeppnisstofnunar sé hægt að lesa að þeir (hér áfrýjendur, innskot) séu með lægsta verðið þegar tekið hafi verið tillit til fjölda og stærðar mynda“, fær ekki staðist að öllu leyti. Áfrýjendur virðast að vísu vera með hagstætt verð samkvæmt könnuninni í mörgum tilvikum. Það breytir því þó ekki að heildarframsetning áfrýjenda er villandi. Auk þess getur fullyrðingin ekki orðið fyllilega samanburðarhæf með þeim hætti sem áfrýjendur telja.

Loks kemur ekki fram í könnun Samkeppnisstofnunar að áfrýjendur séu með langlægsta verðið á landinu.

Af framangreindum ástæðjum og að öðru leyti með hliðsjón af þeim rökum sem koma fram í umræddri ákvörðun samkeppnisráðs þykir mega staðfesta hana.

V.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/1996 frá 8. maí 1996 er staðfest.